

Nr. 587.

960

17. nóvember 1980.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. gr. lyfjalaga nr. 49/1978, öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. nóvember 1980.*

F. h. r.

**Jón Ingimarsson.**

*Ingólf J. Petersen.*

Nr. 588.

17. nóvember 1980.

## AUGLÝSING

**um smásöluálagningu á skeiðarsvampa, sem innihalda medroxíprógesterónacetat.**

Frá og með 1. desember 1980 skal smásöluálagning á skeiðarsvömpum, sem innihalda medroxíprógesterónacetat og notaðir eru til að samstilla gagnmál hjá ám, vera 30%. Óheimilt er að taka afhendingargjald fyrir þessi lyf.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. nóvember 1980.*

F. h. r.

**Jón Ingimarsson.**

*Ingólf J. Petersen.*

Nr. 589.

17. nóvember 1980.

## REGLUGERÐ

**um greiðslur sjúkratryggðra til samlagslækna.**

1. gr.

Samlagsmenn í sjúkrasamlögum skulu greiða samlagslækni sínum, eða lækni, er í hans stað kann að koma, samkvæmt samningum hlutaðeigandi samlags kr. 760 fyrir hvert viðtal á lækningastofu og kr. 1 580 fyrir hverja vitjun lækni til sjúklings.

Þar sem samið er um greiðslu læknishjálpar fyrir hvert unnið verk dregst þetta gjald frá umsömdu gjaldi fyrir viðtöl og vitjanir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 til að öðlast gildi 1. des. 1980. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 435/1980 með sama heiti.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. nóvember 1980.*

**Svavar Gestsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*